

Mál nr. 348/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar lögmanns.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er víxlar í vörslum lögmanns glötuðust.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 3.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 20.11.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 6. febrúar 2008 mun M hafa afhent L hæstaréttarlögmanni tvo tryggingavíxla til innheimtu. Báðir víxlarnir voru útgefnir 20. október 2002, annar af A og samþykktur af B til greiðslu í Landsbanka Íslands hf. þann 14. mars 2008, en hinn útgefninn af B og samþykktur af A til greiðslu á sama stað og sama dag og hinn víxillinn. L lét víxlana í innheimtu í Landsbankann. Þeir voru ekki greiddir á gjalddaga og mun L hafa fengið þá aftur í sínar hendur. Í byrjun árs 2009 kom í ljós að báðir víxlarnir höfðu glatast. Þeir voru ógiltir með dómum uppkveðnum 28. apríl 2009.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu L hjá vátryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir við það að víxlarnir glötuðust. X hefur hafnað kröfum M.

Álit.

Ekkert hefur verið upplýst í gögnum málsins um þau lögskipti milli aðila sem stóðu að baki hinum glötuðu tryggingavíxlum. Ekki er að sjá að reynt hafi verið að innheimta með öðru móti þær kröfur sem M telur sig eiga á hendur A og B og áttu að vera tryggðar með víxlunum. Fyrir liggur að árangurslaust fjárnám var gert hjá A 8. október 2007 og hjá B 19. janúar 2006. Samkvæmt þessu eða gögnum málsins að öðru leyti liggur ekki fyrir að A eða B eigi eða hafi átt eignir sem hefðu getað staðið til fullnustu kröfum M á hendur þeim. Við svo búið verður ekki séð að M hafi orðið fyrir fjártjóni þótt víxlarnir hafi glatast meðan L hafði þá í fórum sínum. M á því ekki kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu L hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu L hjá X.

Reykjavík, 7. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.